

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 32/2002

frá 19. apríl 2002

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2002 frá 1. mars 2002⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/5/EB frá 16. febrúar 1996 um unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat fyrir ungbörn og smábörn⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/36/EB frá 2. júní 1998 um breytingu á tilskipun 96/5/EB um unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat fyrir ungbörn og smábörn⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/39/EB frá 6. maí 1999 um breytingu á tilskipun 96/5/EB um unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat fyrir ungbörn og smábörn⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 54zk (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/61/EB) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„54zl. **396 L 0005:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/5/EB frá 16. febrúar 1996 um unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat fyrir ungbörn og smábörn (Stjtið. EB L 49, 28.2.1996, bls. 17), eins og henni var breytt með:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 110, 25.4.2002, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 21, 25.4.2002, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 49, 28.2.1996, bls. 17.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 167, 12.6.1998, bls. 23.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 124, 18.5.1999, bls. 8.

- **398 L 0036:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/36/EB frá 2. júní 1998 (Stjtið. EB L 167, 12.6.1998, bls. 23),
- **399 L 0039:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/39/EB frá 6. maí 1999 (Stjtið. EB L 124, 18.5.1999, bls. 8).“

2. gr.

Texti tilskipana 96/5/EB, 98/36/EB og 1999/39/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. apríl 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. apríl 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

